

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla.

#### 1. gr.

Með vísan til 21. og 23. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, með áorðnum breytingum, staðfestir mennta- og menningarmálaráðherra hér með breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla, dags. 16. maí 2011, sbr. auglýsingu nr. 674/2011.

Í stað kafla 13.2.1. *Tengsl við hæfniprep í framhaldsskóla* kemur nýr kafli með sama heiti sem birtur er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 9. september 2015.*

**Illugi Gunnarsson.**

*Ásta Magnúsdóttir.*

### **Fylgiskjal.**

#### **Kafli 13.2.1 Tengsl við hæfniprep í framhaldsskóla.**

Fyrsta hæfniprep framhaldsskóla skarast við unglíngastig grunnskóla á þann hátt að lýsing á fyrsta hæfniprepi framhaldsskóla er jafnframt lýsing á þeirri hæfni sem stefnt er að við lok grunnskóla. Ennfremur hefur í aðalnámskrá grunnskóla verið skilgreindur, við lok grunnskóla, samræmdur námsmatskvarði tengdur skilgreindum matsviðmiðum fyrir einstakar námsgreinar og námssvið.

Viðmið um mat á lykilhæfni í grunnskóla eru í takt við lýsingar á lykilhæfni í framhaldsskóla og lýsingu á einkennum fyrsta hæfniprepsins. Þessi viðmið, ásamt lýsingum á mati við lok grunnskóla innan mismunandi námssviða, nýtast framhaldsskólum við skipulag námsbrauta sem ætlað er að brúa bil milli grunn- og framhaldsskóla.

Samræmdum matskvarða við lok grunnskóla er ætlað að veita sams konar lýsingu á hæfni nemenda við lok grunnskóla, óháð skóla. Grunnskólar eru ábyrgir fyrir því að um réttmætt og áreiðanlegt mat sé að ræða við lok grunnskóla og að matið veiti nemendum, foreldrum og framhaldsskólum sem besta leiðsögn varðandi næstu skref nemenda.

Námsáfangar í framhaldsskóla eru skilgreindir á hæfniprep og hefja nemendur úr grunnskólum nám ýmist í áföngum á fyrsta eða öðru hæfniprepi eftir forkröfum áfanga og hæfni nemenda. Framhaldsskólar nýta einkunnir nemenda við lok grunnskóla meðal annars til leiðsagnar um í hvaða námsáföngum á fyrsta eða öðru hæfniprepi þeim hentar að hefja nám.

Við lok grunnskóla er notaður námsmatskvarði A-D og er hann skilgreindur þannig að nemandi sem fær B, B<sup>+</sup> eða A hefur náð hæfniviðmiðum í 10. bekk. Þekking, leikni og hæfni nemenda við lok grunnskóla er samhljóða lýsingu á fyrsta hæfniprepi framhaldsskóla. Má því gera ráð fyrir að nemendur sem ná ofangreindum viðmiðum búi yfir hæfni til þess að hefja nám í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði í framhaldsskóla á öðru hæfniprepi. Mat á því hvaða þrep hentar best hverjum og einum er í höndum viðkomandi framhaldsskóla innan þeirra marka sem reglugerðir og samningar kveða á um.